

1/2 1966

SKÓGARVÖRÐURINN Á SUÐVESTURLANDI

Einar G. E. Samundsen.

S T A R F S K Ý R S L A 1 9 6 5 .

STARFS SKÝRSLA 1965.

Skógarvörðurinn á Suðvesturlandi.

Girðingar:

Girðingum Skógræktar ríkisins á Suðvesturlandi var öllum haldið við á árinu, svo sem kostur var. Endurbótum á Laugarvatnsgirðingu austan Skjálfskvía var enn slegið á frest. Af því skapast vaxandi erfiðleikar við vörzlu skóglendisins á Laugarvatni.

Farið var með girðingunni á Laugarbóli við Ísafjarðardjúp og lagferðar smáskemmdir á henni.

X Bætt var við Mógilsárgirðingu nýrri girðingu neðan stöðvarhúsanna og austur á móts við Kollafjarðarbrunninn. Vegalengd er 1.3 km. Sett var upp vegrist og hlið á heimreiðinni að Mógilsá.

Gróðursetning: 1965

Í skóglendi Skógræktar ríkisins á Suðvesturlandi var gróðursett, sem hér segir:

Haukadalur:

15.000 sitkagreni 3/4 Seward	500 sek. við flekkahús
9.000 stafafura 2/3 Skagway	100 sek. - - -
5.000 bergfura 2/0 norsk	
1.000 rússalerki 2/0 Arkangelsk	
3.000 rússalerki 3/0 Arkangelsk	
<u>33.000</u>	

Laugarvatn:

1.000 sitkagreni 2/2 Homer
1.000 rauðgreni 2/3 Namdal
5.000 rauðgreni 2/3 Grane Vefsen

Straumur:

275 bergfura 2/2
125 stafafura 2/2 Skagway
60 viðjur

Í Haukadál gróðursettu nemendur úr IV bekk Kennaraskólans 26. - 28. maí undir leiðsögn og kennslu skógræktarstjóra, en aðalgróðursetninguna þar, vann vinnuflokkur 31. maí - 13. júní. Verkstjóri var Ólafur G. Sæmundsen.

Gróðursett voru 500 sitkagreni og 100 stafafurur við fleka-húsið neðan neðri brautar, en allar hinar plönturnar 32.400 talsins voru gróðursettar í plógstrengina milli Beinár og Almenningsár. Var þar hafist handa, sem frá var horfið í ágústmánuði 1964 og bætt inn í stafafurum á móti rauðgreni sem Norðmennirnir gróðursettu. Síðan var gróðursett lerki og sitkagreni á víxl. Lerkiplönturnar voru mjög lélegar og virtist meginhluti þeirra dauður við athugun sem gerð var í ágústmánuði. Vestan við lerkið var gróðursett stafafura á móti sitkagreninu en síðast bergfura og sitkagreni á víxl.

Frost var ennþá í plógstrengjunum þegar gróðursetningin hófst. Kom jafnan upp 5 - 10 sm. frostköggull neðst í bjúgskóflu-hnausnum. Tafði þetta fyrir verkinu og torveldaði mjög að festa plöntuna. Kom í ljós er leið á sumarið, að nokkuð bar á lausum plöntum. Vegna breyskjupurrks, sem gerði strax að lokinni gróðursetningu, þornaði nokkuð af þessum lausu plöntum. Má því búast við vanhöldum í þessari gróðursetningu.

Að Laugarvatni gróðursettu nemendur úr Héraðsskólanum undir stjórn Þórarins Stefánssonar, kennara.

Í Straumi gróðursetti Björn Þorsteinsson, magister.

Áburðargjöf:

Í reit Vestur Íslendinga á Þingvöllum var borið nokkuð að plöntum.

Í reit Landsbankans (í Hallinu) á Þingvöllum var borinn tilbúinn áburður að ^{hluta af} plöntum, þeim sem þar voru gróðursettar árið 1958. Samtals var borið 500 kg. af N. - P. 20 - 20 á svæði sem er um 2 ha. að flatarmáli. Þarna standa um 10 þús. plöntur

og fóru því um 50 grömm áburðar að hverri plöntu.

Vinnan við áburðargjöfina sóttist seint. Var klippt frá plöntunum og mosinn, sem er þarna mjög þykkur, greiddur frá, áður en borið var að plöntun~~ni~~. Borið var á um mánaðamótin júní- júlí.

Í októbermánuði var borinn tilbúinn ábúrdur að plöntum í Lauga~~abólsgirðingu~~. Var magnið 500 kg. N.- P. 20-20 og fór það að ca. 10 þús. plöntum, sem flestar voru gróðursettar 1961.

Vegagerð:

Unnið var að vegagerð og brúargerð í Haukadál í september og október. Sett var brú á Beiná neðan við kirkjuna, önnur brú var sett á Brennigilið aðeins ofan við vaðið og þriðja brúin var sett á Almenningsána eða Öllu heldur upptakakvísl hennar undan Langamel.

Í brýr þessar voru notaðir járnkláfar, en þeir eru hlutar úr radarmöstrum, sem fengin voru á sínum tíma hjá Sölnunefnd setu- liðseigna á Keflavíkurflugvelli. Ofan á kláfana var svo klætt með plötujárni, sem boltað var við þá. Síðan var brúargólfíð þakið jarðvegi, og að lokum verður borin mál ofan á.

Unnið var með jarðýtu Skógrektarinnar við vegagerð að þessum brúm, svo og að nýjum vegum um plögða svæðið milli Beinár og Almenningsár.

Vegalengd nýrra vega sem ýtt var uppí eða ruddir, er um 1.4 km. Vegna mikillar úrkomu í októberbyrjun, reyndist eigi kleift að ljúka vegagerðinni um plögstrengjasvæðið, en vegir þeir, sem þegar er lokið við, munu greiða mjög fyrir gróðursetningarstörfum næsta vor.

Skjólbelti:

Að Gunnarsholti var endurbætt viðjurð í fjórða belti og bætt þar inn í greni. Fóru alls til þessa:

2.000 viðjur

1.000 sitkagreni 2/4 Seward

Að ~~Ma~~ustum í Eyjafirði var gróðursett í skjólbelti, 300 m. að lengd:

1.200 viðjur

300 sitkagreni 2/3 Seward

300 hvítgreni 2/4 Fairbanks

Að Hlöðum í Eyjafirði var gróðursett skjólbelti, 160 m. að lengd og fóru í það þessar plöntur:

640 viðjur

160 hvítgreni 2/4 Fairbanks

160 sitkagreni 2/3 Seward

Að Neðra Hálsi í Kjós voru gróðursettar jaðarraðir í 400 m. löngu skjólbelti og fóru í það:

1.600 viðjur

Að Víðivöllum í Fnjóskadal var endurbætt gróðursetning frá 1964. Hvítgrenið hafði drepist að mestu í beltinu á útmánuðum 1965. Var þar endurgróðursett:

540 hvítgreni 2/4 Fairbanks

150 viðjur

Illgresishirðing var gerð á sama hátt í skjólbeltunum og undanfarin ár. Í Gunnarsholti var tætt með garðatætara og úðað með illgresiseyðingarlyfjum, en á Hvítárbakka var eingöngu úðað.

Þrif í eldri skjólbeltunum var allgöð. Birkimaðkur gerði þó nokkurn usla á Hvítárbakka og fór bæði á viðjuna og sitkagrenið auk birkisins. Á Hvítárbakka hefir viðjan súð sér út fyrir beltinu í allbreiða ræmu meðfram því, þar, sem ekki er slegið.

Ferðalög:

Ég ferðaðist svipað og undanfarin ár vegna eftirlits með skóglendum á Suðvesturlandi og störfum þar. Einnig fór ég nokkrar ferðir sérstaklega vegna skjólbeltarektunar um Vestur og Norðurland.

Ég fór til Hallormsstaðar 3. maí og var þar í tæpa viku. Athugaði Girðingarstöði með skógarverðinum, Sigurði Blöndal, á sveðinu frá Hádegisfjalli að Gilsá og niður með henni. Ennfremur ræddi ég við bændur í Fljótsdal, ásamt Sigurði skógarverði og stjórn Skógræktarfélags Austurlands, um áætlun um skipulega skógrækt og búskap í Fljótsdal. Einnig fór ég sömu erinda austur á Fljótsdalshérað ^á mánaðamótin ágúst og september.

Ymislegt:

Í maímaínuði var hér á ferðinni skoskur skógræðingur, Mr. Gunnar Godwin. Hann er af íslenskum ættum. Farið var með Gunnar austur í Haukadal og víðar um Suðurlandsundirlendið, og einnig var honum sýnd Meiðmörk og Skógræktarstöðin í Þossvogi.

Bæjarstaðaskógarbirki í Skógræktarstöðinni í Fossvogi varð
allaufga 29. maí en lauffall varð 27. september.

Bifreiðin R 6656 var notuð eins og áður við öll störf í
Haukadal og við skjólbeltavinnu, ennfremur við girðingarfram-
kvæmdir og eftirlit, en var leigð Landgræðslusjóði frá miðjum
nóvember til jóla, vegna jólatrjásoðu sjóðsins.

Eins og undanfarin ár sé ég um afgreiðslu girðingarefnis
á vegum Skógræktar ríkisins í Reykjavík.

Reykjavík 27. janúar 1966.

Einar G. E. Sæmundsen
Einar G. E. Sæmundsen.